

Nd.

24. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Flutningsmenn: Matth. Ólafsson, Skúli S. Thoroddsen, Jón Jónsson.

1. gr.

Ráðherrar skulu vera þrír.

Ákveður konungur starfssvið þeirra.

2. gr.

Ráðherrar hafa 8000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 2000 kr. í risnufje á ári.

Kostnaður af embættisferðum ráðherra til Kaupmannahafnar og dvöl þeirra þar greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Landritaraembættið legst niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frá því að sjerstakt stjórnarráð fyrir Ísland var sett á stofn með konungsúrskurði 14. júlí 1874 og þar til nú, hefir að eins einn maður átt að standa fyrir allri æðstu stjórn landsins. Þótt þessi skipun kunni að hafa þótt sæmileg í öndverðu, er hún það trauðla lengur. Störf þau, er undir stjórnarráðið heyra, eru svo margvisleg, að enginn einn maður er til hlitar fær um að leysa þau vel af hendi. Í stjórnarráðinu sameinast allar greinar framkvæmdarvaldsins, dómsmál, kirkjumál, kenslumál, fjármálefni öll, þar á meðal hin umboðslega endurskoðun, eftirlit með öllum embættis- og sýslunarmönnum landsins, atvinnumál, svo sem landbúnaðarmálefni, samgöngur, símamál, póstmál, siglingar, verslun, iðnaður, fiskveiðar, vegamál, sýslu- og sveitarstjórnarmál, eftirlit og umsjón fasteigna landsins o. s. frv.

Einn maður getur ekki kynt sjer þessi mál eins og æskilegt væri. Hjer við bætist það auðvitað, að þjóð og þing ætlast til, að stjórnin eigi frumkvæði til endurbóta á löggjöf landsins milli þinga og leggi árangur þeirra starfa undir þingið. Er slíkt eigi nema sanngjarnt og sjálfsagt, ef stjórn landsins er svo fyrirkomið, að þess sje kostur.

Af þessu hafa menn fundið til þess, að eigi væri heppilegt, að hafa að eins einn ráðherra. Það sýnist einnig fullmikið að leggja alla stjórn landsins í hendur eins einasta manns, enda ábyrgðarmeira fyrir hann að stjórna landinu einn, án þess að hafa nokkurn mann með stjórnskipulegri ábyrgð til að bera sig saman við, og miklar likur til, að ýmislegt yrði betur ráðið, ef þrír menn með fullri ábyrgð starfa að því, heldur en ef það er falið að eins einum manni.

Loks má geta þess, að stjórnin er styrkari gagnvart öðrum embættismönnum landsins, ef þrír menn skipa hana, heldur en ef að eins einn er ráðherra.

Fyrir þingið 1915 var lagt frumvarp, er fór fram á, að ráðherrar yrði tveir. Málinu var vísað frá með rökstuddri dagskrá, er svo hljóðar:

»Í því trausti, að stjórn og kjósendur athugi nánar til næsta þings, hvort ekki sje rjett, að ráðherrar verði þrír, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Þingið virtist fallast á, að þörf væri á fjölgun ráðherra, en fjelst eigi á, að tveir ráðherrar nægði til frambúðar.

Málið hefir allmikið verið rætt úti um land, og er mikil ástæða til að ætla, að þjóðin felli sig við þessa breytingu.

Að visu mundi þetta verða nokkur kostnaðarauki, en þó ber þess að gæta, að með lögum nr. 3, 19. júní 1915, eru ráðherraeftirlaun niður feld, og að landritaraembættið verður lagt niður, ef þessi skipun kemst á. Útgjaldaauki mundi samt verða um 10,000 kr., en í það virðist eigi horfandi, ef verulegar bætur fengist með því ráðnar á stjórnarfari landsins. En slíkt þykir mega ætla.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

Við 1. gr.

Til þess er ætlast, að gefin verði út konungleg tilskipun um það, hvaða mál skuli hverfa undir hvern ráðherrann um sig. Þykir ófallið að telja störf hvers um sig upp í lögnum.

Við 2. gr.

Svo er til ætlast, að einn ráðherranna verði forseti ráðuneytisins og hafi því á hendi fyrirsvar og risnu. Er því ætlast til, að hann hafi ráðherra-bústaðinn og risnufje, svo sem ráðherra hefir nú.

Ferðir til Kaupmannahafnar hlýtur einhver ráðherranna að fara, svo sem ráðherra nú. Hver þeirra gerir það, hlýtur að fara nokkuð eftir atvikum, en að jafnaði er gert ráð fyrir því, að stjórnarforsetinn hafi það starf á hendi.

Við 3. gr.

Akvæði greinarinnar eru afleiðing ákvæða í 1. gr., sbr. 2. gr. stjórnar-skrárinnar.

Við 4. gr.

Eins og nú er ástatt, er nauðsynlegt að lögin öðlist gildi þegar í stað.